

Reykjavík, 22. mars 2016

Samkomulag um sátt vegna brots Ríkisútvarpsins ohf. á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Hinn 18. febrúar 2016 gerðu Fjármálaeftirlitið og Ríkisútvarpið ohf., hér eftir nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.)

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 128. gr. vvl. með því að hafa ekki staðið skil á listum yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum með fullnægjandi hætti á réttum tíma.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 800.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar.

Málsatvik

Málsaðili er útgefandi skuldabréfaflokks sem skráður er í Kauphöll. Málsaðili skilaði lista yfir fruminnherja og lista yfir aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum hinn 4. maí 2015. Áminningakerfi Fjármálaeftirlitsins sendir áminningu til útgefanda ef liðinn er sá frestur sem útgefandi hefur til að skila lista yfir fruminnherja og/eða fjárhagslega tengda aðila skv. 128. gr. vvl. Slík áminning var send regluverði og staðgengli regluvarðar málsaðila hinn 4. nóvember 2015. Með áminningunni beindi Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til málsaðila að skila umræddum listum innan sjö daga. Að frestinum liðnum hafði hvorki lista yfir fruminnherja né lista yfir fjárhagslega tengda aðila verið skilað. Hinn 12. nóvember 2015 sendi Fjármálaeftirlitið ítrekun á netföng regluvarðar, staðgengils regluvarðar, sem og á sameiginlegt netfang sömu aðila.

Fjármálaeftirlitið sendi málsaðila bréf um að eftirlitið hefði til athugunar skil málsaðila á listum yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum hinn 16. desember 2015 en þá hafði umræddum listum enn ekki verið skilað. Í bréfinu voru málsatvik rakin ásamt því að vakin var athygli á heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málinu með sátt og að unnt væri að óska eftir því við stofnunina.

Málsaðili sendi Fjármálaeftirlitinu bréf hinn 22. desember 2015 þar sem fram kom að innherjalistum hefði ekki verið skilað vegna mannglegra mistaka hjá málsaðila. Samfara svarbréfinu var uppfærðum listum skilað. Að lokum óskaði málsaðili eftir að ljúka málinu með sátt, teldi Fjármálaeftirlitið að ekki yrði hægt að láta málið falla niður.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Lagagrundvöllur

Samkvæmt 128 gr. vvl. ber útgefanda að senda Fjármálaeftirlitinu lista yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda þeim eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti og án tafar ef breytingar verða á upplýsingum.

Reglum um innherjaviðskipti er ætlað að vernda fjárfesta og trúverðugleika verðbréfamarkaðar og útgefendur fjármálagerna. Reglunum er ætlað að treysta gagnsæi fjármálamarkaðar, jafnræði fjárfesta og heiðarleika í verðbréfiðskiptum, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 279/2011. Um leið og útgefendur fjármálagerna taka ákvörðun um að skrá fjármálagerna á markað til að fjármagna starfsemi sína þá gangast þeir undir ákveðnar skyldur sem slíkir.

Brot gegn ákvæðinu getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 42. tl. 1. mgr. 141. gr. vvl. og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu, sbr. 3. mgr. 141. gr. laganna.

Brot gegn 128. gr. vvl. geta einnig varðað sektum og fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, sbr. 145. gr. vvl.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 128. gr. vvl. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 142. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið er sátt.

Samkvæmt 141. gr. vvl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislega áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar í máli þessu hefur Fjármálaeftirlitið litið til tímalengdar brots, þess að málsaðili sinni ekki skyldu til að senda lista yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum þrátt fyrir ítrekun þar um og að um var að ræða



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Þriðja brot málsaðila áákvæðum 128. gr. vfl., en málsaðili gerði sátt við Fjármálaeftirlitið árið 2009 og 2013.

Þá hefur Fjármálaeftirlitið litið til þess að málsaðili hefur útskýrt ástæður brotsins greiðlega. Jafnframt er litið til þess að ekki liggur fyrir að tjón hafi orðið vegna brotsins, en engin viðskipti áttu sér stað með skuldabréf málsaðila á því tímabili sem vanrækt var að standa skil á listum yfir fruminnherja og aðila fjárhagslega tengda fruminnherjum.

Með hliðsjón af eðli og umfang brots, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 800.000 kr.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 142. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís af því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.